

UPPLÝSINGAAÐGENGI Á SVIÐI SÍMENNTUNAR

Aðgangur að upplýsingum er grundvallarréttindi allra nemenda, hvort sem þeir eru fatlaðir og/eða með sérþarfir. Í samfélagi þar sem fólk treystir í vaxandi mæli á upplýsinga- og samskiptatækni til samskipta og þekkingarmiðlunar er mikilvægt að upplýsingar séu veittar með þeim hætti að tryggt sé að hver og einn hafi aðgang að þeim á jafnréttisgrunni.


Þörfin fyrir aðgengilegar upplýsingar í tengslum við símenntun kemur víða fram í verkefnum Evrópumíðstöðvarinnar og árið 2010 hlaut Evrópumíðstöðin styrk þannig að verkefninu var hleypt af stokkunum í mars 2011 með viðbótarfjármögnun frá Evrópusambandinu samkvæmt þverfaglegu símenntunaráætluninni, lykilstarfsemi 1: Samstarf og nýbreytni í stefnumótun, númer: 190583-LLP-2010-DK-KA1-KA1ECETA.

Verkefnið um upplýsingaaðgengi á sviði símenntunar var unnið á tímabilinu frá mars 2011 og fram í febrúar 2012. 21 aðildarríki tók þátt í verkefninu: Belgía (bæði flæmsku- og frönskumælandi hluti), Bretlandseyjar (England og Skotland), Danmörk, Eistland, Frakkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvenía, Spánn, Sviss, Svíþjóð og Þýskalandi.

Rúmlega sjötíu sérfræðingar lögðu verkefninu lið. Meðal þessara sérfræðinga voru stefnumótandi aðilar, blaðamenn, fræðimenn, fagmenn í upplýsingatækni og þjónustuaðilar, svo og fulltrúar alþjóðlegra og evrópskra samtaka.

Meginmarkmiðið með verkefninu var að auka skilning á aðgengismálum á sviði símenntunar þannig að jákvæð þróun geti átt sér stað þar að lútandi. Áhersla var lögð á að ganga út frá þeirri stefnu og stöðlum sem nú gilda um upplýsingaaðgengi í Evrópu og á alþjóðavettvangi í umræðunni um þau áhrif og það hagnýta gildi sem upplýsingaaðgengi á sviði símenntunar hefur.

Sérfræðingarnir voru sammála um að greina á milli tilmæla og viðmiðana í verkefninu eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan.



Tilmæli og viðmiðanir aðgreindar eftir markhópum



Tilmælum er beint til þeirra sem móta stefnuna í símenntun og upplýsinga- og samskiptatækni og starfa á Evrópuvísu, landsvísu eða við að uppbyggingu og skipulag símenntunar. Tilmælin snúast um það sem koma þarf fram í skriflegri stefnumótun þannig að stofnunum og samtökum sé uppálagt að veita aðgang að upplýsingum.

Viðmiðanir eru ætlaðar sérfræðingum í menntamálum, upplýsingatækni og fjölmiðlun og innihalda hjálpargögn á borð við gátlista og atriðaskrár sem nota skal við eftirlit. Viðmiðanirnar snúast um það hvernig útfæra má stefnuna á hagkvæman hátt innan stofnana sem og fyrir nemendur.

Heildarniðurstöður þessa verkefnis sýna að viðmiðunarreglurnar og meginatriði tilmælanna styðja upplýsingaaðgengi á sviði símenntunar sem hagsmunaaðilar á þessu sviði eru sammála um á Evrópuvísu. Viðmiðunarreglunum er ásamt tilmælunum beint til þeirra sem móta stefnuna þar sem þeir gegna því hlutverki að stýra með hvaða hætti koma skal upplýsingaaðgengi í framkvæmd.

VIÐMIÐUNARREGLUR

Á ráðstefnunni um upplýsingaaðgengi (sem haldin var í júní 2011) komu fram ýmsar hugmyndir um stefnu og starf í tengslum við upplýsingaaðgengi á sviði símenntunar. Fulltrúar helstu stofnana og samtaka sem vinna að bættu aðgengi – UNESCO (Menningarmálastofnun SP), G3ict (alþjóðaataks um upplýsingatækni fyrir alla), World Wide Web Consortium/Web Accessibility Initiative (W3C/WAI – alþjóðasamtaka um veraldarvefinn/netaðgengi) og DAISY-samtakanna – gerðu grein fyrir forgangsmálefnum sínum og starfi á þessu sviði. Fulltrúar Adobe og Microsoft gerðu grein fyrir því hversu mikilvæg stefnumótun á þessu sviði væri fyrir starfsemi þeirra og veittu hagnýtar upplýsingar um hvernig gera mætti upplýsingar aðgengilegri.

Í kjölfar allra þeirrar umfjöllunar og hugmyndavinnu sem fram fór á ráðstefnunni komu sérfræðingarnir sér saman um ýmsar viðmiðunarreglur sem undirbyggja öll tilmælin um stefnu og starf sem lúta að því að aðgengilegar upplýsingar sviði símenntunar verði veittar.

Grundvallarreglan um réttindi: Aðgengi að upplýsingum er grunnréttindi – það eykur möguleika nemenda og gerir þeim auðveldara að taka þátt í samfélaginu. Slíkt aðgengi skal vera til staðar strax á fyrstu námsstigum og vera nemendum til stuðnings allt lífið.

Grundvallarreglan um innri gerð: Mikilvægt er að við stefnumótun eða tillögugerð sé ekki litið á tæknina sem markmið í sjálfu sér. Fjalla ber um og viðurkenna hina kerfisbundnu þætti sem ákvarða hvaða tæki skal nota á sviði símenntunar.

Grundvallarreglan um þátttöku allra: Huga skal að aðgengilegum upplýsingum í sem víðustum skilningi, þannig að litið sé til fólks sem á við hvers konar fötlun að etja og/eða er með ýmiss konar sérþarfir.

Grundvallarreglan um samverkan: Aðgengi kemur notendum með fötlun og/eða sérþarfir til góða og getur oft komið öllum notendum til góða.

TILMÆLI UM AUKIÐ UPPLÝSINGAÐGENGI Á SVIÐI SÍMENNTUNAR

Tilmælin um aukið upplýsingaaðgengi á sviði símenntunar eru byggð á ýmsum gögnum sem aflað var og könnuð voru ítarlega meðan á verkefninu stóð, m.a.:

Yfirlit yfir stefnumótun og tilmæli um aðgengi í Evrópu og á alþjóðavísu – upphaflega stefnuyfirlitið var lagt fram sem hvati þegar lögð voru drög að landskönnuninni (sjá hér aftar). Það var síðan notað sem innlegg á ráðstefnunni um upplýsingaaðgengi (sjá einnig hér aftar). Lokaniðurstaða ráðstefnunnar var sú að stefnuyfirlitið var endurskoðað og endurbætt þannig að það tengdi saman þau stefnumál sem í gildi eru og lykilatriði varðandi útfærslu þeirra. Í yfirlitinu kom fram að Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2006) er það stefnuskjal sem mest áhrif hefur varðandi aðgengi þar sem undirritunaraðilar (þeirra á meðal Evrópusambandið) eru lagalega



bundnir honum og áhersla er lögð á málefni sem lúta að aðgengi bæði á landsvísu og innan Evrópu. Þar er einnig lögð áhersla á þá staðreynd að í Evrópu er engin ein stefna sem nær til upplýsingaaðgengis á öllum sviðum (netsins, rafrænna skjala, prentefnis, hljóð- og myndefnis og hvers kyns samskiptamiðla). Stefnumál innan ýmissa geira taka í raun til aðgengis af mismunandi tagi.

Landskönnun á stefnu og útfærslu varðandi aðgengi – niðurstöður könnunarinnar eru byggðar á svörum 29 aðila frá 18 löndum. Niðurstöðurnar sýndu að þeir sem svöruðu vissu almennt meira um stefnu og viðmiðanir varðandi upplýsingaaðgengi á alþjóðavísu en Evrópuvísu. Flest þeirra landa sem tóku þátt í könnuninni eru með eigin stefnu um aðgengi sem og forskriftir þar að lútandi, en aðeins helmingur þessara forskrifta fjallar um aðgengismál.

Innlegg og niðurstöður frá ráðstefnunni um upplýsingaaðgengi – ráðstefnan var haldin í Kaupmannahöfn dagana 22. til 24. júní 2011 á vegum Evrópumiðstöðvarinnar og menntamálaráðuneytis Danmerkur. Ráðstefnan var haldin í þeim tilgangi að greina hvaða áhrif alþjóðleg og evrópsk stefna hefur á aðgengi hjá upplýsingaveitum á sviði menntamála, sem og hvaða aðferðir stofnanir þurfa að taka upp til að tryggja upplýsingaaðgengi. Þátttakendur, sem voru rúmlega sjötíu talsins, fjölluðu um hvernig stefnu bæri að taka upp og um núverandi starfsemi með tilliti til upplýsingaaðgengis á sviði símenntunar og tilgreindu hvaða lykilatriðum þarf að fylgja við tillögugerð.

Lokatilmæli voru lögð fram og síðan samþykkt eftir endurbætur og athugasemdir frá sérfræðingum verkefnisins, fulltrúum ráðuneyta aðildarlandanna sem og fulltrúum allra helstu stofnana og samtaka sem tóku þátt í ráðstefnunni og verkefnisvinnunni.

Tilmælum á sjö sviðum er beint til stefnumótandi aðila á sviði símenntunar og/eða upplýsingatækni, sem starfa á Evrópuvísu, landsvísu eða við uppbyggingu og skipulag símenntunar.

Auka skal skilning á því að upplýsingaaðgengi á sviði símenntunar er réttindamál. Gera þarf stefnumótendum, samtökum, stofnunum og sérfræðingum á sviði símenntunar, sérfræðingum í upplýsingatækni, fólki með fötlun og/eða sérþarfir og aðstandendum þess, og öllum stuðningsaðilum ljóst að nemendur eiga rétt á því að hafa aðgang að upplýsingum.

Gera skal þverfaglegt átak sem byggir á samstarfi og upplýsingamiðlun. Sérhæfð stefna um málefni eins tiltekins markhóps getur ekki fengið því áorkað að upplýsingaaðgengi á sviði símenntunar verði að veruleika. Þróa þarf stefnu og útfæra á þverfaglegan hátt.

Fjalla skal um málefni sem lúta að upplýsingaaðgengi í námi allra þeirra sem koma að símenntun. Upplýsingatæknin getur aðeins aukið aðgengi að námsmöguleikum ef sérfræðingar á sviði símenntunar hafa sjálfir lært að nota slíka tækni sem tæki til að skapa öllum jöfn tækifæri í námi.

Upplýsingaaðgengi og málefni þar að lútandi skulu vera liður í námi þeirra sem leggja stund á upplýsingatækni og fjölmiðlun. Með því að uppfræða sérfræðinga í upplýsingatækni og fjölmiðlun um það hvernig fötlun og/eða sérþarfir geta hamlað fólki sem nýtir sér upplýsingatækni er hægt að stuðla að þróun tækni sem er aðgengileg, allt frá hönnun til framleiðslu, og komast þannig hjá þeirri vinnu að þurfa að endurbæta vöruna á síðari stigum.



Aðgengileiki skal vera grundvallarregla við framboð á öllum vörum og þjónustu. Aðeins skal festa kaup á vörum og þjónustu frá fyrirtækjum sem hafa aðgengi í fyrirrúmi.

Efla þarf rannsóknir til að skapa þann þekkingargrunn sem byggja skal á við frekari stefnumótun, útfærslu og þróun. Hafa skal langtímarannsóknir á þessu sviði til hliðsjónar við stefnumótun, eftirlit og matsvinnu, og greina skal út frá þeim á hvaða sviði slík þróun og starf skal fara fram til framtíðar.

Hafa skal kerfisbundið eftirlit með því að stefnumótun sé fylgt. Sem stendur er aðeins hægt að hvetja til eftirlits, en vinna skal að því að auka slíkt eftirlit. Haft er eftirlit með því á alþjóðavísu að undirritunaraðilar að samningi SP um réttindi fatlaðs fólks (2006) fari að stefnu um aðgengi, en enn vantar þó upp á að allar þjóðir leggi fram árlegar skýrslur þar að lútandi. Til lengri tíma litið ætti eftirlit með því að stefnu um aðgengismál sé fylgt að vera skilyrt á landsvísu.

Þegar litið er til þessara sjö tilmæla um aðgengismál má sjá að stefnumótun fer fram á þremur stigum, þ.e. í Evrópu, á landsvísu og innan stofnana.

Líta má á bæði viðmiðunarreglurnar og tilmælin sem þann grunnramma sem þróa skal áfram í samræmi við aðstæður í viðkomandi löndum og landsvæðum. Í næstu skrefum sem tekin verða varðandi þróun upplýsingaaðgengis verður byggt á tilmælunum sjö við mótun viðmiðana sem ætlaðar eru því fagfólki sem sér um að útfæra stefnumál innan símenntunarstofnana.

Vonir standa til að bæði viðmiðunarreglurnar og tilmælin geti verið hvati til skoðanaskipta í Evrópu og víðar, og hvetji einkum til umræðna innan ýmissa starfshópa.

Í þessu riti eru teknar saman helstu niðurstöður verkefnisins um upplýsingaaðgengi. Í verkefnisskýrslunni *Promoting Accessible Information for Lifelong Learning* (2012) er ítarlega fjallað um eftirfarandi atriði: verkefnið um upplýsingaaðgengi; landskönnunina um aðgengi; stefnuyfirlitið um aðgengi; þau úrræði sem nú eru til staðar og styðja að innleidd verði stefna um aðgengi; söfnun úrræða sem ætlað er að stuðli að upplýsingaaðgengi; einnig er þar listi yfir þá sérfræðinga sem tóku þátt í verkefninu.

Hægt er að nálgast verkefnisskýrsluna sem og allt efni sem tengist verkefninu á slóðinni: <http://www.european-agency.org/agency-projects/i-access>

Senda skal beiðni um prentuð eintök af skýrslunni og nánari upplýsingar um verkefnið til aðalskrifstofu Evrópumíðstöðvarinnar: secretariat@european-agency.org

Verkefnið um upplýsingaaðgengi er stutt af þverfaglegu símenntunaráætluninni, lykilstarfsemi 1: Samstarf og nýbreytni í stefnumótun, númer: 190583-LLP-2010-DK-KA1-KA1ECETA.



© European Agency for Development in Special Needs Education 2012



Framkvæmdastjórn ESB styrkti þetta verkefni. Þetta rit endurspeglar aðeins skoðanir höfundar og framkvæmdastjórn ESB ber ekki ábyrgð á því hvernig efni þess kann að verða notað.